



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Arkitekt Suðurgata 39 101  
Reykjavík (354) 570 13 00  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Múlaping  
Sigurður Jónsson  
Lyngás 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík/Djúpivogur, 29. janúar 2024  
MÍ202312-0057 / 6.00 / 4573 / M.G.

## Efni: Djúpivogur. Verndarsvæðið við voginn. Tillaga að breytri afmörkun verndarsvæðis.

Með tölvupósti dagsettum 11.12.2023 óskaði Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi í Múlapingi eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breytingu á verndarsvæði í byggð á Djúpavogi. Erindinu fylgir uppdráttur sem sýnir tillögu að breytri afmörkun verndarsvæðisins ásamt texta þar sem fjallað er um breytingar á skilmálakafla greinargerðar. Uppdrátturinn er dagsettur 06.10.2023. Breytingartillagan snýr að afmörkun verndarsvæðisins og skilmálum þess. Við breytinguna falla fjögur hús og lóðir þeirra út úr verndaráætluninni. Um leið er umfjöllun um húsin felld út úr skilmálakafla greinargerðar um verndarsvæðið. Húsin sem um ræðir standa syðst á núverandi verndarsvæði en það er sað hluti núverandi afmörkunar verndarsvæðis í byggð sem í tillöggunni er lagt til að fella niður.

Þau hús sem um ræðir og sem ekki verða lengur hluti af verndarsvæði í byggð með breytingunni, eru:

- **Steinar 1A, Djúpavogskirkja (gamlakirkjan).** Byggð 1890 skv. Fasteignaskrá en skv. heimildum var hún byggð 1893. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 og er því friðlýst bygging skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- **Steinar 1.** Byggt 1950 skv. Fasteignaskrá og fellur því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- **Steinar 3, Dalir.** Byggt 1932 skv. Fasteignaskrá en leiðrétt ártal er 1930, samkvæmt húsakönnun frá 2014. Húsið er umsagnarskylt skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- **Hammersminni 2, Bjarg.** Byggingarár Bjargs er 1979 skv. Fasteignaskrá. Skv. heimildum var elsti hluti hússins reistur árið 1938 en húsið stækkað árið 1979. Húsið er því umsagnarskylt skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að afmörkun verndarsvæðis í byggð á Djúpavogi verði breytt með þeim hætti sem gert er grein fyrir með auglýstum uppdrætti. Það svæði sem fellt er út úr afmörkun verndarsvæðisins við þessa breytingu er utan helsta kjarna*

María Gísladóttir

[maria@minjastofnun.is](mailto:maria@minjastofnun.is)

*svæðisins umhverfis voginn. Húsin, að frátöldu húsinu við Steina 1, falla undir lög um menningarminjar ásamt fornleifum á svæðinu og þurfa því breytingar og/eða rask á þeim koma til umsagnar Minjastofnunar Íslands eftir sem áður. Breytingartillagan er lögð fram í kjölfar ábendinga íbúa svæðisins. Stofnunin telur mikilvægt að sátt ríki um gildandi verndarsvæði í byggð. Þannig megi best stuðla að því að samhugur ríki um verndun og varðveislu innan afmarkaðs verndarsvæðis, í samræmi við yfirlýst markmið þess og skilmála.*

*Stofnunin gerir athugasemd við umfjöllun um Hammersminni 2 og leggur til að setningin „...og hafa skilmálar verndarsvæðisins hamlad uppbyggingu sem almennt er talin eðlileg“ verði feld út. Að vitund stofnunarinnar hömluðu skilmálar verndarsvæðisins ekki þeirri uppbyggingu sem þar var fyrirhuguð og hafa þær breytingar sem sótt var um verið samþykktar.*

*Að lokum vill Minjastofnun Íslands vekja athygli á því að ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 gilda áfram, innan sem utan verndarsvæðis í byggð, varðandi framkvæmdir og skipulagsgerð, sem og ef rask eða breytingar eru fyrirhugaðar á fornleifum, húsum og mannvirkjum sem falla undir lögini.*

Nánari upplýsingar veita undirritaðar.

Virðingarfyllst,

Þuríður Elísia Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

María Gísladóttir  
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:  
Sigurður Jónsson ([skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is))